



Mynd: Árni Geirsson

Greinargerð

um framkomnar athugasemdir á kynningu á tillögu að friðýsingu Urriðakotshrauns sem fólkvangs.

Tillaga að friðlýsingu Urriðakotshrauns sem fólkvangs var lögð fram til kynningar þann 8. febrúar 2023. Frestur til að skila inn athugasemdum var þrír mánuðir eða til og með 11. maí 2023. Umsagnar- og samráðsaðilum, sem og öðrum þeim sem láta sig svæðið varða, var gefinn kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir. Kynningartími var auglýstur á heimasíðu og facebook síðu Umhverfisstofnunar ásamt því sem samráðsaðilum var sent erindi um að tillaga að

friðlýsingunni væri til kynningar. Alls bárust erindi frá sjö aðilum. Hér á eftir er gerð grein fyrir viðbrögðum við athugasemdum sem bárust á kynningartíma og þeim breytingum sem gerðar voru á tillögu að friðlýsingarskilmálum í kjölfar kynningarferlisins. Samstarfshópur sem vann að undirbúningi friðlýsingarinnar þakkar öllum sem sendu ábendingar og athugasemdir.

Athugasemdir	Svör Umhverfisstofnunar
Landsnet bendir á að innan fyrirhugaðs fólkvangs liggja loftlínur Landsnets, þ.e. Hamraneslínur 1 og 2 og Hnoðraholtslína 1. Í aðalskipulagi Garðabæjar er gert ráð fyrir að Hamraneslínurnar verði fjarlægðar þegar línur ofan Húsafells hafa tekið við hlutverki þeirra. Ein þeirra lína sem fyrirhuguð var ofan Húsafells var Lyklafellslína 1. Nú stefnir í frestun á ofangreindum framkvæmdum við Lyklafellslínu 1 og að Hamraneslínurnar ættu að geta verið áfram í rekstri til allt að 30 ára til viðbótar að undangengnu einhverju viðhaldi á köflum. Friðlýsingin þarf að taka mið af því að framangreindar loftlínur Landsnets liggi um friðlýsta svæðið og taki ákvæði þess, tillit til nauðsynlegs reksturs á þessum mannvirkjum. Það felur í sér að vegslóði sem liggur meðfram línunum verður að geta áfram nýst Landsneti við viðhald og viðgerðir á línunum. Auk þess þarf Landsnet að hafa heimildir til notkunar á fjarstýrðum loftförum vegna skoðunar á ástandi línanna og óskar eftir	Umhverfisstofnun bendir á að friðlýsingin gerir ekki kröfu um að umræddar loftlínur verði fjarlægðar og kemur ekki í veg fyrir nauðsynlegt viðhald þeirra innviða sem fyrir eru á svæðinu svo fremi sem viðhald hafi ekki neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins en um þær framkvæmdir gilda skipulagslög nr. 123/2010, lög um mannvirki, nr. 160/2010 og eftir atvikum vegalög, nr. 80/2007. Varðandi heimild fyrirtækisins til notkunar fjarstýrðra loftfara vegna ástandsskoðunar línanna þá hefur heimild þar að lútandi verið bætt inn í ákvæði 8. gr. með svohljóðandi hætti: <i>Þó er heimilt að nota fjarstýrð loftför, ef nauðsyn krefur, vegna leitar- og björgunaraðgerða og vegna umsjónar og eftirlits Umhverfisstofnunar og Garðabæjar og vegna ástandsskoðana raflína.</i>

að slík notkun (sem er ekki oft) geti átt sér stað án þess að óska eftir leyfi Umhverfisstofnunar. Í ljósi framangreinds og hlutverks Landsnets sem m.a. felur í sér að tryggja öruggan rekstur flutningsvirkja sinna, þá óskar fyrirtækið eftir að fá aðkomu að gerð stjórnar- og verndaráætlunar svæðisins.	Varðandi aðkomu Landsnets að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar þá mun Umhverfisstofnun skrá fyrirtækið sem hagsmunaaðila.
Náttúrufræðistofnun Ísland telur að mikilvægustu markmið friðlýsingarinnar séu verndun jarð- og hraunmyndana og náttúrulegs gróðurfars svæðisins. Það skjóti því nokkuð skökku við að heimila uppbyggingu golfteiga inni í fólkvanginum sbr. 9. grein auglýsingarinnar. Sú uppbygging mun valda töluverðu raski einkum á gróðri en einnig á hraunmyndunum að hluta. Náttúrufræðistofnun hefur bent á þetta ítrekað í umsögnum sínum til Garðabæjar um skipulagsáætlanir og -breytingar þessu tengt, nú síðast við auglýstar breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagstillögu sem eru að ljúka auglýsingartíma hjá skipulagsstjóra Garðabæjar. Segja má að þessi heimild stangist á við almenn markmið 7. greinar um vernd jarðmyndana og gróðurs þar sem fram kemur að óheimilt sé að raska eða skemma jarð- og hraunmyndanir nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Í ljósi þess að áform um þessa uppbyggingu virðast staðfest vill Náttúrufræðistofnun leggja áherslu á að afar mikilvægt sé að staðið sé vel að hönnun og framkvæmd við uppbyggingu golfteiga sem og annarra innviða (s.s. göngustíga) innan fólkvangsins þannig að raski sé haldið í lágmarki og að ásýnd og yfirbragð falli vel að náttúruleg umhverfi hraunsins.	Umhverfisstofnun vísar til umfjöllunar um forsögu málsins í <i>Umsögn um athugasemdir sem bárust á kynningartíma um áform um friðlýsingu Urriðakotshrauns í Garðabæ</i>. Við undirbúning friðlýsingar og deiliskipulags voru umsagnir og leiðbeiningar Náttúrufræðistofnunar Íslands m.a. frá 2016 og 2017, hafðar að leiðarljósi og því getur Umhverfisstofnun ekki tekið undir að það skjóti skökku við, á þessu stigi málsins, að heimila uppbyggingu golfteiga inni í fólkvanginum. Umhverfisstofnun hefur, fyrst og fremst, lagt áherslu á vernd hraunmyndana og gróðurs við undirbúning friðlýsingarinnar, í öllum umsögnum um deiliskipulag í Urriðakotshrauni og í samstarfi við landeigendur vegna hönnunar golfbrautanna. Jafnframt að þess sé gætt að aðgengi vegna annarrar útivistar sé tryggt til samræmis við ákvæði náttúruverndarlaga um fólkvanga.

Skógræktin gerir athugasemdir við ákvæði 7. gr. tillögu að friðlýsingu Urriðakotshrauns og leggur til breytingar á því.

1. Skógræktin telur að túlka megi 1. mgr. ákvæðisins á þann hátt að hverjum sem er sé heimilt að spilla gróðri með hvaða aðferðum sem er svo fremi hann spilli útsýni að jarð- og hraunmyndunum. Einnig telur Skógræktin að notkun orðsins „útsýni“ sé óheppileg. Skógræktin leggur til að málsgreininni verði breytt og verði svohljóðandi:

„Óheimilt er að hrófla við jarð- og hraunmyndunum í fólkvanginum, raska þeim eða skemma á annan hátt, og óheimilt er að spilla gróðri. Ef gróður hefur neikvæð áhrif á verndargildi jarð- og hraunmyndana má umsjónaraðili svæðisins eyða honum.“

2. Skógræktin gerir athugasemd við síðustu setningu 2. mgr. ákvæðisins sem kveður á um að unnið skuli að því að fjarlægja ágengar framandi tegundir sem hafa verið fluttar inn á svæðið eða berast inn á það. Skógræktin telur afar langsótt að nokkur plöntutegund sem finnist í Urriðakotshrauni geti fallið undir skilgreiningu náttúruverndarlaga á framandi ágengum tegundum og telur því ákvæðið óþarft.

Skógræktin vísar til þess að á svæðinu vaxa barrtré eða tré af öðrum erlendum tegundum sem hefur að öllum líkindum verið plantað á sínum tíma. Það sé ekki fólgið í markmiðum með friðlýsingunni að eyða þessum trám enda auka þau möguleika á nýtingu svæðisins til útivistar og náttúruskoðunar.

1. Umhverfisstofnun bendir á að röskun gróðurs á svæðinu er háð leyfi Umhverfisstofnunar og bundið mati stofnunarinnar, og eftir atvikum Náttúrufræðistofnunar Íslands, á því hvort umræddur gróður sé að hafa neikvæð áhrif á verndargildi jarð- og hraunmynda og ógni verndargildi svæðisins. Umhverfisstofnun getur ekki tekið undir það að ákvæðið geti talist heimild fyrir almenning til að leggja sjálfstætt mat á það hvort fjarlægja eigi gróður sem hefur áhrif á verndargildi svæðisins. Það myndi teljast brot á lögum um náttúruvernd og ákvæðum friðlýsingarinnar ef farið er í leyfisskyldar aðgerðir í fólkvanginum án leyfis Umhverfisstofnunar, Garðabæjar og landeigenda. Umhverfisstofnun bendir einnig á að um eignarland er að ræða.

Hvað varðar notkun orðsins „útsýni“ í ákvæðinu þá tekur Umhverfisstofnun undir það að sjónlínan geti verið bæði víð og löng en bendir jafnframt á skýringar Íslenskrar orðabókar á hugtakinu er „sýn yfir e-ð, það að sjá yfir e-ð“. Umhverfisstofnun telur orðið falla vel að inntaki ákvæðisins.

2. Hvað varðar ágengar framandi tegundir í Urriðkotshrauni þá bendir Umhverfisstofnun á að á svæðinu er alaskalúpína farin að dreifa sér en hún er skilgreind sem [framandi ágeng tegund](#) og því getur Umhverfisstofnun ekki tekið undir það að ákvæðið eigi ekki við. Þær erlendu trjátegundir sem vaxa á svæðinu hafa ekki verið skilgreindar sem ágengar tegundir.

Umhverfisstofnun tekur undir að það er ekki fólgið í markmiðum friðlýsingarinnar að eyða þurfi þeim erlendu

Skógræktin bendir á að það færi ekki vel á því að fjarlægja öll barrtrén á einu bretti. Það er ósk Skógræktarinnar að hin erlendu tré sem nú þegar vaxa á afmörkuðum svæðum í Urriðakotshrauni verði ekki fjarlægð öll, sbr. „unnið skal að því að fjarlægja [...]“, þ.e. ef það er á annað borð skilningurinn í tillögunni að erlendu trén falli undir að vera „ágengar framandi tegundir“ – heldur verði þessi tré felld inn í friðlýsinguna og hirt um lundina, þar eð tilvist þeirra gengur ekki gegn markmiðum hennar. Skógræktin leggur því til að seinni málsgrein 7. gr. tillögunnar verði svona: <i>„Óheimilt er að sleppa eða dreifa lífverum sem hafa neikvæð áhrif á vernd jarð- og hraunmyndana og annað gróðurfar innan fólkvangsins. Þeir lundir af erlendum trjátegundum sem nú þegar vaxa á svæðinu skulu grisjaðir og hirtir þannig að upplifun gesta sé sem best, bæði hvað varðar skjól og svo að trén byrgi ekki sýn á náttúru- og söguminjar og annað gróðurfar.“</i> 3. Skógræktin bendir á ákvæði laga sem snúa að eyðingu skóga verði það niðurstaðan að skv. friðlýsingunni skuli fjarlægja öll erlend tré á svæðinu.	trjátegundum sem eru á svæðinu enda kveða ákvæði friðlýsingarinnar ekki á um upprætingu trjáanna. Hins vegar er þörf á að vinna gegn því að erlendar tegundir dreifist frekar um svæðið til að viðhalda verndargildi svæðisins. Um ræktun framandi plöntutegunda fer skv. ákvæðum reglugerðar um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000. Umhverfisstofnun bendir á að landeigendur hafa unnið deiliskipulag fyrir svæðið samhliða friðlýsingunni sem felur í sér breytta landnotkun á hluta þeirra skógarlunda sem eru á svæðinu og voru drög að deiliskipulagi kynnt á sama tíma og tillaga að friðlýsingu Urriðakotshrauns. Í ljósi framangreinds telur Umhverfisstofnun og samstarfshópur um undirbúning friðlýsingarinnar að ekki sé þörf á breytingu 7. gr. tillögu að friðlýsingu Urriðakotshrauns.
Svæðisskipulagsnefnd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins vísar til umsagnar svæðisskipulagsstjóra, frá 4. nóvember 2021, um áform um friðlýsingu Urriðakotshrauns þar sem fram kemur ábending á markmið og aðgerðir sem fram koma í svæðisskipulagi, sér í lagi varðandi aðgengi og tengingar	Umhverfisstofnun hefur ekki borist umsögn svæðisskipulagsstjóra, dags. 4. nóv. 2021, sem vísað er til í erindinu. Auglýsing um áform um friðlýsingu fór fram 2. október – 4. desember 2020. Umræddur vegur liggur utan við það svæði sem hér um ræðir og gildandi skipulagsáætlanir Garðabæjar gera ekki ráð fyrir öðrum

útvistarstíga og umfjöllun um ofanbyggðarveg. Einnig kemur fram í umsögninni að skrifstofa SSH bjóðist til að taka þátt í samstarfi við útfærslu friðlýsingarinnar. Svæðisskipulagsnefndin tekur fram að ekki hafi komið til frekari samskipta SSH og Umhverfisstofnunar vegna ofangreinds. Svæðisskipulagsnefndin tekur fram að miðað við framlögð gögn verði ekki hægt að kveða á um hvort friðlýsingin takmarki frekari vegagerð á vegi 410 (Elliðavatnsvegur) þar sem mörk svæðisins liggja nokkuð nálægt veginum á stuttum vegkafla, án þess að fullyrða megí hvort sú mörkun valdi slíkri takmörkun. Nefndin bendir á að í umfjöllun svæðisskipulags um ofanbyggðarveg er kveðið á um að sú vegtenging verði áfram til skoðunar og að sveitarfélög taki frá pláss fyrir mögulega útfærslu. Lagt er til að við nánari útfærslu friðlýsingar Urriðakotshrauns sé tekið mið af stefnumiði svæðisskipulags sbr. innkomið erindi.	vegi en þeim sem nú liggur norðan þess svæðis sem hér um ræðir. Í ljósi þessa telur Umhverfisstofnun að friðlýsing Urriðakotshrauns hamli ekki uppbyggingu vegakerfis utan svæðisins.
Vegagerðin minnir á ákvæði vegalaga nr. 80/2007 um þjóðvegi. Við friðlýsingu þurfi að koma skýrt fram að Vegagerðin hafi heimild til að sinna þjónustu og viðhaldi vegna innviða á hennar vegum án sérstaks samráðs við Umhverfisstofnun. Einnig er bent á að framkvæmdir innan veghelgunarsvæða eru ekki heimilar án samþykkis Vegagerðarinnar, þ.m.t. flokkast uppsetning á skiltum og öðru slíku.	Umhverfisstofnun bendir á að heilmilt er að halda við mannvirkjum s.s. mannvirkjum Vegagerðarinnar innan veghelgunarsvæða sem þegar eru í notkun án þess að leita þurfi leyfi Umhverfisstofnunar svo fremi sem viðhald hafi ekki neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins en um þær framkvæmdir gilda skipulagslög nr. 123/2010, lög um mannvirki, nr. 160/2010 og eftir atvikum vegalög, nr. 80/2007. Hvað varðar framkvæmdir vegna nýrra innviða s.s. vegna vegagerðar, á friðlýstum svæðum þá eru þær almennt háðar leyfi sveitarfélags og Umhverfisstofnunar og verður svo háttað til á þessu

	svæði. Unnið er að deiliskipulagi svæðisins samhliða friðlýsingunni og voru drög að deiliskipulagi kynnt á sama tíma og tillaga að friðlýsingu Urriðakotshrauns.
Landgræðslan og Styrktar- og líknarsjóður Oddfellowa gera ekki athugasemdir við tillögu að friðlýsingu Urriðakotshrauns.	

UST202001-147/IMB
09.03.